



12.01. 2022

Danól innkallar SIGDAL hrökkbrauð og kex

Danól hefur ákveðið að innkalla SIGDAL hrökkbrauð og SIGDAL kex vegna galla í framleiðslu. Um er að ræða SIGDAL hrökkbrauð jurtir og hafsalt og SIGDAL kex (crackers) jurtir og hafsalt sem merkt er best fyrir með dagsetningunum „06.01.2002 – 18.02.2022“ annars vegar og „26.03.2022 – 18.07.2022“ hins vegar. Vörur með öðrum dagsetningum uppfylla allar gæðakröfur og verða ekki innkallaðar.

Hrökkbrauðið og kexið voru til sölu í verslunum Bónus, Hagkaupa, Krónunnar, Samkaupa, Heimkaupa, Melabúðinni, Fjarðarkaupum og Urð á Raufarhöfn.

Ástæða innköllunarinnar er sú að framleiðandi hefur greint vott af etýlenoxíði við hráefniskaup og þó efnið hafi ekki greinst í hrökkbrauðinu eða kexinu sjálfu, hefur verið ákveðið að fara í innköllun á vörunum.

Viðskiptavinum sem eiga SIGDAL hrökkbrauð og SIGDAL kex með áður nefndum dagsetningum, er bent á að skila vörunni í þeirri verslun sem hún var keypt gegn endurgreiðslu eða skipti á samskonar vöru.

Innköllun er þegar hafin úr verslunum.